



Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 3. nóvember 2009 að Laufási 2 á Egilsstöðum.

Fundur settur kl. 19:40

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingarfulltrúi
Jón Kerúlf	varamaður bygginganefndar
Helga Vigfúsdóttir	varamaður bygginganefndar

**Varðar:**

**Umsögn Jósefs V. Þorvaldssonar um rekstrarleyfi í flokki II.**

Byggingarnefnd barst til afgreiðslu, frá Sýslumanninum á Seyðisfirði, umsögn er varðar rekstrarleyfi í flokki II fyrir Fljótsdalsgrund ehf. kt. 470909-1450. Bréfið er dagsett 15. október 2009. Umsækjandi er Jósef Valgarð Þorvalsson kt. 100856-4689.

Byggingarnefnd mælir með að starfsleyfið verði veitt.  
(Helga Vigfúsdóttir var ekki með í þessari umræðu).

**Varðar:**

**Umsókn um stöðuleyfi vinnuskúra í frístundarbyggð Víðivallaskógar fyrir lóð nr. 12**

Byggingarnefnd barst til afgreiðslu umsókn frá Sigurði Þórarinssyni, dagsett 28. september 2009 þar sem hann sækir um stöðuleyfi fyrir tvo vinnuskúra á sumarbústaða lóð sinni nr. 12 í frístundarbyggð Víðivallaskógar. Ekki kemur fram í umsókninni í hversu langan tíma vinnuskúarnir megi standa á lóðinni.

Byggingarnefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með þeirri athugasemd þó að sveitastjórn finni hentuga lengd á stöðuleyfi þessu.

**Varðar:**

**Umsókn um stöðuleyfi vinnubúða á Teig í Fljótsdal**

Borist hefur til afgreiðslu byggingarnefndar umsókn frá Landsvirkjun vegna stöðuleyfis á vinnubúðum fyrir fornleifafræðinga sem vinna að uppgreftri í Fljótsdal á sumrin. Umsóknin er dagsett 18. ágúst 2009 í Reykjavík og merkt máli nr. 62 KAR 060. Sótt er um stöðuleyfi til fimm ára. Skv. Landsvirkjun þurf tu þeir að setja upp vinnubúðirnar á Teig í Fljótsdal þar sem þær stóðu áður. Þær eru svipaðar á stærð og þær búðir sem stóðu á sama stað áður. Vinnubúðirnar eru af gerðinni Moelven 74-B, smíðaðar 1982 og eru tíu talsins. Stærð hvernar húseiningar er 2,5 x 7,4 x 3,1 m. Einingunum er raðað hlið við hlið sem mynda þannig eina heild. Í búðunum eru 14 gistirými / herbergi, tvær snyrtingar með sturtu og setustofa með eldhúskrók úr tveim samliggjandi einingum. Þjörgunarop eru skv. teikningu út úr öllum gistirýmum. Tvær flóttaleiðir eru á sitt hvorum gafli hússins út undir bert loft.



Teikning nr. 09-04, sem ber heitið Teigur, Vinnubúðir í Fljótsdal, grunnmynd og snið í mkv. 1:100, fylgir með. Teikningin er unnin fyrir Landsvirkjun – Kárahnjúkavirkjun en ekki er getið hver hannaði búðirnar. Flatarmál er skv. teikningu 185 m<sup>2</sup> og rúmmál 573 m<sup>3</sup>. Byggingarnefnd samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti svo lengi sem fornleifauppgröftur í Fljótsdal stendur yfir.

#### **Varðar:**

#### **Byggingarleyfisumsókn frá Fljótsdalshreppi vegna byggingu gistiskála að Laugafelli**

Byggingarfulltrúa ásamt byggingarnefnd barst til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi ásamt aðaluppdráttum frá Fljótsdalshreppi fyrir nýbyggingu gistiskála í Laugafelli á Fljótsdalsheiði. Húsið er timburhús á tveimur hæðum, á steypum sökklí með steyptri botnplötu og léttu milligólfi. Í húsinu er gert ráð fyrir matsal fyrir allt að 55 manns, fullbúið eldhús og sturtur og snyrtingar sem eru bæði í tengslum við veitingasal og svefnaðstöðu á 2. hæð. Aðstaða til gistingar er fyrir allt að 44 manns.

Burðarvirki veggja, þaks og milligólfs verða úr timbri fyrir utan votrymi sem er steinsteyppt. Sökklar eru staðsteypptir ásamt gólfplötu. Útveggir 45x145mm timburgrind, 145 mm einangrun, utan á heilklætt með 9mm krossvið, listar / loftbil undir veðurkápu er 21mm, húsið er klætt með standandi, litaðri báruál klæðningu. Innan við einangrun er rakavarnarlag, listar, 21mm c400mm, láréttir undir viðarpanel sem innveggjasklæðningu.

Útveggir í votrymum eru úr forsteypptum einingum eða staðsteyppt, 120mm. Á steyppta útveggi er einangrað að utan með 100mm veggplötum. Á steyppta útveggi skal festa burðarkerfi yfir utanhúsklæðningu, 100mm standandi stoðir festar við steypu með vinklum, c800mm. undir klæðningu steyptra veggja er samskonar loftunar kerfi og á útveggjum með burðargrind úr timbri. Aðallitur útveggja er dempaður jarðlitur í gráum eða grænleitur tón.

Innveggir eru úr 35/70 timburgrind, með 45mm einangrun, klæddir með 9 mm krossvið og viðarpanel. Innveggir í votrymum eru úr steypptum einingum eða staðsteypptir, 120mm.

Burðarvirki milligólfs eru timbur gólfbitar sem liggja þvert á húsið milli útveggja, einangrað með 100mm einangrun. Neðan í gólfbita er klætt með gífsplötum, listar 35x45mm, síðan plötu loftaklæðning. Gólfíð er klætt með 20mm nótuðum gólfplötum og parketi. Loft á efri hæð er klætt með panel.

Þak er mænispak með 35° halla. Aðalburðarvirki þaks eru límtrés ásar sem bera hefðbundnar trésperrur sem hvíla á langhliðum. Þakið er einangrað með 200mm þakull, vindpappa, borðaklæðningu, þakpappa og lituðu báruáli. Ekki er gert ráð fyrir þakrennum á húsinu. Litur þaks er grátónaður jarðlitur.

Gluggar og hurðir eru úr tré með K-gleri og gert er ráð fyrir hlerum sem hægt er að loka fyrir glugga þegar á þarf að halda. Björgunarop eru úr herbergjum á norðurenda og úr svefnsal um svalahurð á efri hæð.

Gistiskálinn er ein brunasamstæða og skiptist upp í tvö brunahólf, efri og neðri hæð. Brunaskil milli brunahólfa eru a.m.k. R-60. Samtengdir reykskynjarar, slökkvitæki og slöngurúllur verða í samræmi við Brunavarnir Austurlands.



Neysluvatn er tekið úr lind sem notuð er í núverandi byggingum, borað hefur verið eftir vatni á svæðinu, möguleiki að nota kalt vatn úr borholu til neyslu. Heitt vatn kemur úr borholu á svæðinu. Neðri hæð er hituð með gólfhitakerfi, ásamt brenniofni í matsal, efri hæð er hituð upp með hefðbundnu ofnakerfi. Byggingin er loftræst með náttúrulegri loftræsingu um opnanlega glugga. Þau rými sem ekki hafa opnanlegan glugga skulu loftræst með vélrænu útsogi. Birt flatamál byggingarinnar er 224,4 m<sup>2</sup> og heildar rúmmálið er 846,55 m<sup>3</sup>.

Nokkrar athugasemdir byggingarnefndar varðandi aðaluppdrætti:

1. Byggingarnefnd finnst tæknirýmið full lítið og vill fá betri skýringu hvernig menn ætla að koma fyrir öllum tækjum td. tengigrind gólfstýringar, hitatúbu neysluvatns og þess háttar. Einnig er hvergi minnst á staðsetningu dælubúnaðar úr borholu.
2. Ekki er minnst neitt á frárennislagnir í byggingarlýsingu, hvorki drenlagnir né annað.
3. Nefndinni finnst skrítið að þakrennur séu ekki til staðar á húsinu, en spurning hvort drenmöl sé æskileg í kringum húsið ef þakrennur eru ekki til staðar.
4. Ekki er minnst neitt á uppbyggingu svala.
5. Eldhús – ekki gert grein fyrir uppvottavél né plássi / lagerrými fyrir þurrmat.
6. Hæðakóta vantar inn á aðaluppdrætti fyrir útipalla ofl.
7. Nokkrar athugasemdir eru varðandi skráningartöfluna og gefur byggingarnefnd byggingarfulltrúa leyfi til að yfirfara rafrænu skrána betur.

Byggingarnefnd vill gjarnan fá skýringar við athugasemdum sínum en telur ekki þörf á að haldin sé annar fundur vegna þessa en gefur byggingarfulltrúa leyfi til að klára málið með hönnuðum.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 22:15

Helga H. Vigfúsdóttir  
Eiríkur J. Jónsson  
Jón R. Jónsson  
Ulfr-T. Þ.

Fundargerðin verður send til eftirtalra aðila:  
Funarmanna og sveitastjórnar Fljótsdalshrepps.